

# Heilsueflandi Rangárvallasýsla haustið 2023

**Kynningardagur þriðjudaginn 19. september 2023  
í þróttahúsinu á Hellu.**

*Komið þið sæl.*

Þann 19. september munu sveitarfélögin Rangárþing eystra, Rangárþing ytra og Ásahreppur sameina krafta sína og bjóða íþróttafélögum og öllum þeim sem koma að heilsueflingu í víðasta skilning þess orðs til samstarfs og vera með kynningu á sínu starfi eða sinni heilsuvöru.

Um er að ræða tvo klukkutíma, milli kl. 17:00 – 19:00 þar sem þátttakendur fá svæði í íþróttahúsinu á Hellu til þess að kynna sitt starf/vöru.

Markmiðið með þessari samkomu er að hvetja íbúa Rangárþings til heilsueflingar sem og kynna allt það góða sem í boði er í sýslunni.

Viðburðurinn er fyrir íbúa á öllum aldri.

Þeir sem munu kynna sína starfsemi eru m.a. íþróttafélagið Dímon og Ungmennafélagið Hekla, Knattspyrnufélag Rangæinga, KFUM og KFUK, Hestmannafélagið Geysir, íþróttafélagið Garpur, Ferðafélag Rangæinga, Félag eldri borga, Judofélag Suðurlands, Félagsmiðstöðvarnar, Allra heilsa, Skotfélagið Skyttur ofl ofl. Við hvetjum alla íbúa Rangárþings til þess að mæta og kynna sér það sem í boði er í sýslunni.

Jako sport mætir með fatnað til að máta og verður með tilboð á æfinga- og keppnisfatnaði.

Aðgangur er ókeypis og á staðnum verður hugmyndakassi þar sem hægt er að koma með hugmyndir að íþróttagreinum, fyrirlestrum eða annað sem þið teljið til heilsubóta hér í okkar ágætu sveitarfélögum.

Undirrituð sjá um skipulag, undirbúning og gefa nánari upplýsingar.

Með von um áhuga, góða þátttöku og mikla aðsókn,  
Ólafur Örn Oddsson, Ragnar Jóhannsson, Nanna Jónsdóttir,  
Bjarni Daníelsson og Erla Sigríður Sigurðardóttir

